

15. nóv. 2010

Fundur nr. 5

Fundur hjá skólaráði Stóru-Vogaskóla haldinn þriðjudaginn 15. nóv. 2010 í Stóru-Vogaskóla kl. 8:00.

Mættir: Svava Bogadóttir, Jón Ingi Baldvinsson, Þorvaldur Örn Árnason og Hilmar Egill Sveinbjörnsson (fulltrúar kennara), Þórdís Símonardóttir (fulltrúi starfsmanna), Ingþór Guðmundsson (fulltrúi foreldra) og Freyr Melsteð Jóngeirsson og Aron Ingi Gestsson (fulltrúar nemenda).

1. Starfs- og sjálfsmatsáætlun Stóru-Vogaskóla

Rætt um mikilvægi þess að starfs- og sjálfsmatsáætlun skólans sé lifandi plagg í sífelldri endurskoðun. Þorvaldur hafði tekið saman nokkrar athugasemdir sem ræddar voru. Athugasemdirnar vistaði hann í upprunaskjalið. Svava stiklaði á stóru og var staldrað við í eftirfarandi köflum:

- ✓ Um skólann
- ✓ Tónlistarskólinn
- ✓ Námsver/Riddaragarður
 - en þar er upplifun nemenda mjög jákvæð
- ✓ Námsráðgjafi
- ✓ Nemendaferðir
 - Hafa verið felldar niður að stórum hluta vegna kostnaðar. Reykjaferð 7.b. og skólaferðalag 10.b. halda sér. Nemendur í 10.b. vinna fyrir ferðinni með útigæslu sem bekkurinn skiptir á milli sín út skólaárið. Almenn ánægja með gæsluna á meðal nemenda en nokkrir skorast þó undan.
- ✓ Kennaraheimsóknir
 - Kennarar skiptast á að fara í heimsóknir til hvers annars til að læra eitthvað nýtt. Þorvaldur kom með hugmynd með að breyta titli á kafla, *Kennarar læra hver af öðrum*.
- ✓ Hópur um erlend samskipti
- ✓ Forvarnir
- ✓ Samstarf við Boruna
 - Nemendum finnst atburðir skarast á. Þarf að ræða við tómsfundafulltrúa.
- ✓ Sjálfsmat skólans
 - Farið yfir kannanir sem eru hluti af sjálfsmati skólans.
- ✓ Maturinn – matsalur
 - Skróp unglíngastígs almennt. Rætt hvernig hægt sé að koma í veg fyrir það.
 - Auka ábyrgð foreldra með gjaldtöku.
 - Láta nemendur (efsta stígs) merkja við.
 - Taka umræðuna upp með foreldrafélaginu.
- ✓ Sjálfsmatsáætlunin
 - Gæta þarf að markmið séu raunhæf.
 - Aðgerðir skipta líka miklu máli.

2. Verkefnaáætlun

- ✓ Fyrst og fremst vinnuþlagg fyrir skólastjórnendur.
- ✓ Stefnumörkun skólans í umhverfismálum – stefnt að Grænfánaverkefninu.
- ✓ Þorvaldur og Hilmar með uppástungu um að FLL (tveggja mánaða legóverkefni sem lýkur með keppni í nóv.) verði árlegt. Jafnframt að legótímarnir verði á skólatíma en ekki í lok skóladags og þá jafnvel í námsveri fyrir bráðgera nemendur?
- ✓ Forvarnadagur á viðburðalista. Nemendur ánægðir. Nemendur komu með uppástungu um að UMFÞ væri með frjálsa íþróttatíma (frjálsar íþróttir) tengda félagsmiðstöðinni.

Fundi slitið kl. 9:20